

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Fjarðabyggðar.

1. gr.

Hitaveita Fjarðabyggðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar fyrir heitt vatn nr. 908/2005. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru gefin upp án skatts á smásöluverð á heitu vatni og virðisaukaskatts, nema annað sé tekið fram, og leggjast þessir skattar á þau skv. gildandi reglum á hverjum tíma. Virðisaukaskattur á sölu á heitu vatni til hitunar húsa og laugarvatns er 11%.

2. gr.

Ekki er takmarkaður aðgangur húsveitu að heitu vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi gera. Hitaveitu Fjarðabyggðar er heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu búnaðarins.

3. gr.

Seðilgjald kr. 255 leggst á útsenda prentaða reikninga en hægt er að komast hjá gjaldinu með því að nýta greiðslukortþjónustu eða beingreiðslur í banka. Reikningar birtast í heimabönkum þeirra sem nýta sér slíka þjónustu.

4. gr.

Reikninga skal greiða á eindaga. Séu reikningar ekki greiddir á eindaga er send út tilkynning um vanskil. Reikningar eru því næst sendir til innheimtuaðila. Vextir leggjast við skuldina sé ekki greitt á eindaga.

5. gr.

Hitaveitugjöld eru krafín mánaðarlega. Lesið verður af mælum mánaðarlega og reikningar gerðir fyrir raunnotkun hvers mánaðar. Fyrir þær veitur sem ekki er möguleiki að lesa af mánaðarlega er áætlunarreikningur sendur út byggður á áætlun sem tekur mið af fyrri notkun. Einu sinni á ári hið minnsta er sendur uppgjörreikningur sem byggður er á álestri og er hann uppgjör á þeim áætlunarreikningum sem sendir hafa verið.

6. gr.

Húseigandi, eða sá sem skráður er fyrir mæli, er ábyrgur fyrir því að tilkynna flutning og er ábyrgur fyrir orkunotkun þar til tilkynning um annan notanda hefur verið móttækin hjá hitaveitunni.

7. gr.

Verð fyrir afnot af heitu vatni er eftirfarandi:

- A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns:
Grunnverð kr. 180,33
- B. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hverja kílóvattsstund (kWh):
Grunnverð kr. 3,85
- C. Mælagjald – fast gjald.

Mælir	Krónur á ári
15 og 20 mm	35.048
25 mm	118.041
32 mm	227.934
40 mm	464.000
50 mm	895.128

Um afnot af vatni hitaveitu til annarra nota en húshitunar gilda sérstök gjöld sem ákveðin eru hverju sinni en þó með hliðsjón af gjaldskrá hitaveitunnar.

D Önnur gjöld:

Umbeðinn aflestur af mælum	1.605 kr.
Lokunargjald	2.176 kr.
Skiptigjald	2.666 kr.
Innheimtugjald er í höndum innheimtuaðila.	

8. gr.

Bráðabirgðaheimlagnir:

<i>Stofngjald:</i> <i>Lögn</i>	<i>Grunnverð kr.</i>
20 mm	30.248
25 mm	38.232
32 mm	39.508
<i>Lengdargjald:</i>	
20 mm kr./metra	4.249
25 mm kr./metra	5.434
32 mm kr./metra	5.434

Lengdargjald er greitt fyrir hvern metra í heimlögn sem lögð er til bráðabirgða. Ef bráðabirgðaheimlögn verður síðar notuð sem aðalheimlögn fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald vegna bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimlagnir skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

9. gr.

Aðalheimæðar – heimtaugagjöld:

<i>Stofngjald:</i> <i>Lögn</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>
20 mm	556.550
25 mm	723.511
32 mm	976.740
40 mm	1.367.435
50 mm	1.982.560

Tengigrind er ekki innfalin í heimæðargjaldi.

Ef heimlagnagjald stendur ekki undir kostnaði í frágengnu hverfi er heimlagnagjald fyrir nýja eða stækkaða heimlögn greitt samkvæmt kostnaðaráætlun.

Heimæð hitaveitu liggur frá götulögn eða tengibrunni og inn fyrir húsvegg húsveitu að inntaksloka.

Aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta skal vera 31.890 kr.

10. gr.

Lengdargjald í dreifbýli skal vera samkvæmt kostnaði en lengdargjald í þéttbýli er 9.047 kr. og er greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðamarka.

11. gr.

Önnur atriði til skýringa:

Stærð heimlagna fer eftir hússtærð og starfsemi sem þar er áætluð. Húseigandi og hönnuður ákveða stærð heimlagna en hitaveita Fjarðabyggðar ákveður lágmarksstærð heimlagna fyrir íbúðarhús.

Eigandi íbúðarhúss/fyrirtækis þarf að sækja tímanlega um heimlögn á þar til gerðu eyðublaði, hvort sem um er að ræða nýja heimlögn, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimlögn. Teikningar skulu fylgja umsókn.

Heimlagnargjald skal greitt fyrir hverja heimlögn er tengir húsveitu við kerfi veitunnar. Heimlagnargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

Þegar heimlögn er stækkuð eða þegar heimlögn er breytt samkvæmt beiðni viðskiptavinar, skal greiða fyrir breytinguna samkvæmt samkomulagi og skal tekið mið af raunkostnaði við breytinguna.

Heimilt er að veita afslátt af tengigjöldum ef tengikostnaður er sannanlega lægri en gjaldskrá miðar við.

Heimilt er að leggja álag á tengigjald ef tengikostnaður er sannanlega hærri en gjaldskrá miðar við.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarráði og bæjarstjórn Fjarðabyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 1556/2022.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 12. desember 2023.

F. h. r.

Ólafur Darri Andrasón.

Hreinn Hrafnkelsson.